



20 lítrar af amfetamínbasa fundust við eftirlit lögreglu og tollsins

Fimmtudaginn 17. júní fundu lögregla og tollgæsla 20 lítra af amfetamínbasa sem var falið í bifreið sem kom með Norrænu til Seyðisfjarðar þann dag. Að þessu máli unnu í samvinnu lögreglumenn frá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjóranum á Seyðisfirði, tollverðir frá tollstjóra og lögreglumaður frá ríkislögreglustjóra með leitarhund.

Bifreiðin sem um ræðir er skráð í Þýskalandi og var ökumaður hennar kona með þýskt ríkisfang á fimmtugsaldri. Tveir farþegar voru með í för, kona á svipuðum aldri, einnig þýsk, og fimm ára gamall sonur hennar. Konurnar voru að kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu úrskurðaðar til þess að sæta gæsluvarðhaldi og sitja þær enn í gæsluvarðhaldi eða til 2. júlí n.k. Drengurinn var eftir handöku kvennanna settur í hendur barnaverndaryfirvalda sem hlutuðust til um að ættingi barnsins sótti það og fór með til síns heima í Þýskalandi.

Amfetamínbasinn í flöskunum svarar til 21,3 kg af hreinu amfetamínsúlfati, en basanum má breyta í amfetamínsúlfat með sýru og leysiefni. Það efni sem dreift er til neyslu er amfetamínsúlfat sem blandað er íblöndunarefnum af ýmsu tagi sem er líkt og sýran og leysiefnið unnt að nálgast hér á landi og eru ekki ólögleg efni út af fyrir sig. Styrkleiki amfetamíns sem dreift er hér á markaði er að meðaltali 5,8% samkvæmt rannsóknum sem unnar voru af rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræðum á því amfetamíni sem lögreglan í Reykjavík haldlagði á árunum 2005 og 2006. Umbreyting amfetamínbasans í amfetamínsúlfat og síðan íblöndun til þess að minnka styrk þess og auka magn til dreifingar er tiltölulega einföld og fljótgerð og þarfnast hvorki sérstakrar þekkingar né flókins tækjabúnaðar. Það er niðurstaða lyfja- og eiturefnafræðinga að úr þessum amfetamínbasa hefði mátt framleiða 153 kg af amfetamíni af styrkleika 10% en allt að 264 kg af amfetamíni að styrkleika 5,8% sem er nærri þeim styrkleika amfetamíns sem rannsóknir sýna að er selt og dreift hér á landi.

Þessi haldlagning er samkvæmt þessu langmesta magn amfetamíns sem lögregla og tollgæsla hefur lagt hald á eða þrefalt- til fimmfalt meira en áður hefur verið haldlagt í einu máli. Þá er þetta magn nærri því að vera það magn sem af hálfu SÁÁ hefur verið talin ársneysla amfetamíns eða u.þ.b. 300 kg, sé miðað við 5,8% styrkleika efnis

Það gefur augaleið að ef slíkt magn amfetamíns fer á markað að þá er það markmið að ná til fleiri en áður og gera þar með fleiri að notendum en áður og væntanlega leiðir dreifing og framboð svo miklis magns til þess að verð á efninu lækkar verulega.

Það er trú og von okkar að það að hindra að þetta efni fór á markað hafi komið í veg fyrir neyslu og óhjákvæmileg veikindi og ef til vill dauðsföll og vonandi hindrað að nýjir kaupendur og neytendur kæmu til sögunnar.